

Stjórnarfundur Myndlistarmiðstöðvar

29.01.2025

Kl. 13:00

Austurstræti 5

Boðuð á fund:

Elísabet Gunnarsdóttir, formaður, tilnefnd af listasöfnum

Pétur Thomsen, ritari, tilnefndur af Samtökum íslenskra myndlistamanna

Örn Alexander Ámundason, tilnefndur af Samtökum listamannarekinna myndlistarrýma

Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, tilnefnd af Listfræðafélaginu

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Menningarmálaráðherra

Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

Fundardagskrá:

1. Ferðastyrkir, möguleg endurskoðun

Rætt var um fyrirkomulagið á ferðastyrkjum MM. Hvort endurskoða eigi áherslur. Hingað til hafa eingöngu verið veittir styrkir til verkefna erlendis. Töluverð eftirspurn er eftir styrkjum til verkefna innanlands. Mikill áhugi er fyrir því hjá stjórn MM að finna leið til að geta mætt þessari eftirspurn. Það eflir tengsl MM við landsbyggðina. Leita þarf leiða til að fjármagna þá styrki. Forstöðumaður ætlar að ræða möguleika á fjármögnun styrkja til verkefna innanlands við ráðherra menningarmála.

2. Starfsreglur stjórnar

Stjórnin ræðir vinnu- og siðareglur stjórnar og fagráðs. Einnig væri gott að vera með gegnsæisreglur. Dæmi tekið af gegnsæisreglum Tónlistamiðstöðvar. Þar er virk hagsmunaskráning stjórnarmanna.

Velt var upp leiðum við val á listamönnum t.d. fyrir heimsóknir erlendra gesta. Starfsfólk, stjórn og fagráð MM hafa komið að þessu. Ánægja er hjá stjórn um hvernig staðið er að þessu hjá MM. En rætt um að endurskoða listann með listamenn reglulega til að tryggja að þeir listamenn sem lítið ber á en eru að sinna listinni, gleymist ekki. En MM hefur markvisst unnið að því hingað til að koma breiðum hópi listamanna á framfæri við erlenda gesti.

Rætt um að hafa opnið fyrir umsóknir um stúdíoheimsóknir með sýningarstjórum t.d. einu sinni á ári.

Skoðaðar verða siðareglur og stefnur félaga, samtaka og systurstofnanna innanlands og erlendis. Forstöðumaður tekur svo saman tillögu og leggur fyrir stjórn.

3. Ráðningarsamningur forstöðumanns

Formaður stjórnar kynnir stöðuna á ráðningarsamningi forstöðumanns.

Núverandi samningur rennur út 14. febrúar 2025. Lögð var fram framlenging á ráðningarsamningi við forstöðumann sem stjórnin samþykkir samhljóða.

Rætt um mikið verkefnaálag og þörfinni á að ráða fleiri starfsmenn. Möguleikar á nýtingu starfsnema skoðaðir.

4. Önnur mál

Rætt um stöðuna á vinnu fyrir Feneyjartvíæringinn 2026.

Óskað var eftir umræðu um tímaritið Myndlist á Íslandi á fundar stjórnar fljótlega.

Næstu fundir ákveðnir 5. mars og 2. apríl.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 14:00